

Alþingi, nefndasvið

Allsherjar- og menntamálanefnd

Þórshamri v/Templarasund

150 Reykjavík.

Reykjavík 19. febrúar 2015.

Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar **um frumvarp til laga um Menntamálastofnun.**

Þingskjal 700 - 456. mál – Lagt fyrir á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015

Almennt um frumvarpið.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Menntamálastofnun, 456. mál, sem lagt var fyrir á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Sérfræðingar skóla- og frístundasviðs hafa farið yfir frumvarpið ásamt skýringum með því. Fram kemur í inngangi við athugasemdir við lagafrumvarpið að hin nýja stofnun muni leysa Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun af hólmi. Einnig kemur fram að á sviði menntamála starfi einungis þessar tvær stjórnáslustofnanir og hin nýja stjórnáslustofnun, Menntamálastofnun, taki við hlutverki þeirra.

Væntingar skóla- og frístundasviðs með nýja stofnun á vettvangi menntamála eru þær að hin nýja stofnun sinni ekki síður hlutverki sem framfarastofnun og þjónustustofnun við skólastigin í landinu og hafi því viðtækara hlutverk en sú stjórnáslustofnun sem frumvarpið tekur til. Er það mat skóla- og frístundasviðs að þörf sé á stofnun sem er í fararbroddi varðandi nýjungar og þróun í skólastarfi og hefur frumkvæði að nýjum verkefnum sem stuðla að framförum í skipulagningu skólakerfa og markvissri uppbyggingu náms á öllum skólastigum.

Í dag er frístundastarf í Reykjavík ein af þremur stoðum skóla- og frístundasviðs borgarinnar. Leiðarljós þess starfs er að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Allir þessir þættir, ásamt öðrum, eru menntunarþættir sem unnið er með í óformlegu námi og því mikilvægir við hlið hins formlega skyldunáms. Ný stofnun um menntamál ætti því á einhvern skilgreindan hátt að ávarpa þetta mikilvæga starf sem er a.m.k. í stærri sveitarfélögum litið á sem grunnþjónustu við börn og foreldra þeirra.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að á meðan skólastigin eru á ábyrgð bæði sveitarfélaga og ríkisins eigi ríkisvaldið að hafa með höndum ákveðið frumkvæði að skólaþróun um leið og því ber ákveðin skylda til samræmingar og eftirlits. Hin nýja stofnun ætti að taka þetta hlutverk að sér.

Heiti stofnunarinnar er nokkuð þunglamalegt og ber ekki með sér að verið sé að vinna með frískan og síkvikan vettvang mennta- og uppeldismála. Hugtakið stofnun hefur þennan þunga blæ og mætti vel hugsa sér að ný ríkisstofnun bæri léttara nafn, s.s. Mennta- og frístundastofa.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins.

Skóla- og frístundasvið gerir eftirfarandi athugasemdir við neðangreind ákvæði frumvarpsins ;

1.gr. Skóla- og frístundasvið telur að stofnunina eigi að skilgreina sem þjónustu – og stjórnarsýslustofnun.

3. gr. Tekið er undir að ný stofnun hafi fagrað sér til ráðgjafar. Skóla- og frístundasvið telur að skilgreina þurfi fagraðið betur hvað varðar þá sem þar sitja og umfang og eðli þeirrar ráðgjafar sem til er ætlast. Varhugavert er að forstjóri á hverjum tíma hafi það alræðisvald að setja fagraðinu reglur. Ekki er óeðlilegt að sveitarstjórnarstigið eigi fastan fulltrúa í fagraði, svo og landssamtök foreldra.

4. gr. Fram hefur komið að væntingar skóla- og frístundasviðs um verkefni nýrrar stofnunar komi ekki nægjanlega vel fram í frumvarpsdrögum. Ef hlutverk stofnunarinnar tekur til framfara, skólaþróunar og þjónustu við skólastig landsins þarf að skilgreina ný verkefni sem styðja við það.

6. gr. Hvað varðar söfnun og meðferð upplýsinga er brýnt að fyrirfram liggi ákvörðun (tillaga: leiðbeiningarreglur) um hvaða gögnum safna skuli, þannig að skólastigin í landinu geti haldið réttum upplýsingum til haga og aðlagað sína gagnagrunna að þeim fyrirspurnum sem vitað eru að muni berast.

7. gr. Skóla- og frístundasvið telur mikilvægt að ný stofnun sé þjónustustofnun fyrir öll skólastig og sveitarfélög muni með góðri vissu geta leitað til stofnunarinnar með sínar óskir um þjónustu án þess að greiða þurfi fyrir slíka þjónustu.

8. gr. Skóla- og frístundasvið telur brýnt að sett verði reglugerð um starfsemi stofnunarinnar og að haft verði samráð við rekstraraðila leikskóla og grunnskóla.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þorsteinsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.